

Kristín Jónsdóttir  
Kt. 011147-7719

21. apríl 1983

### **Flutt á kosningahátíð Kvinnalistsans í Gerðubergi sumardaginn fyrsta 21. apríl 1983**

Góðir fundarmenn. Hér erum við saman komin til að fagna sumri í norðankulda og blæstri. Við erum líka hér til að fagna tímamótum í kvenfrelsisbaráttu á Íslandi. Svo þrátt fyrir norðangarrann er vor í lofti og í hugum okkar er sumarið skammt undan.

Við búum í velferðarþjóðfélagi þar sem áhersla er lögð á hagvöxt, aukinn kaupmátt og skjótfenginn gróða. Minni rækt er lögð á andlega vellíðan og einstaklingsbundinn þroska. En þessar krónur sem kapphlaupið stendur um að eyða er ekki einu sinni okkar eign. Þegar hulunni er svipt reynist velferðin blekking byggð á erlendum lánum. Á meðan við öflum fjögurra króna eyðum við fimm. Enn er talað um að auka framleiðsluna og verðgildi hennar. En þeim fjölgar sem greina hinn falska tón. Svona tal er merkingarlaust á tímum yfirfullra markaða, uppurinna fiskstofna og vonlausrar stóriðju.

Hvað höfum við kvinnalistakonur til málanna að leggja? Það fyrsta sem þarf að gera er að horfast í augu við að allt er takmörkunum háð, líka velmegunin, neyslukapphlaupið, aukning skipastólsins og fiskurinn í sjónum.

Við hljótum að hafa þetta að leiðarljósi við frekari uppbyggingu efnahags- og atvinnulífsins. Kvinnalistakonur leggja áherslu á ræktun í stað rányrkju. Má þar nefna fiskirækt og loðdýrarækt. Við viljum auka smáiðnað og endurvinnsluðnað. Tölvutæknina viljum við nýta til að stytta vinnutímamann. Ég læt þetta nægja um atvinnumál en vísa að öðru leyti í stefnuskrána sem birtist í blaði Kvinnalistsans.

Við kvinnalistakonur höfum fundið fyrir mikilli kvennasamstöðu. Það er engin tilviljun að Kvinnalisti lítur dagsins ljós. Það er óþarfi að tíunda hér valda- og áhrifaleysi kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins heldur minna á að konur eru stærsti láglaunahópurinn. Karlar eru að meðaltali með 50% hærri laun en konur. Aðeins 3% kvenna ná meðallaunum. Ein ástæðan fyrir þessu óréttlæti er brenglað starfsmat þar sem eftirlit og ábyrgð á dauðum hlutum er metin meira en umönnunarstörf, aðhlyning sjúkra og aldraðra og umönnun barna. Þessu viljum við breyta.

Stjórnámálamenn og aðrir keppast við að skilgreina öll pólitísk mál út frá hugtökunum vinstri og hægri. Stimpillinn skal notaður þó að hann sé bæði gamall og lúinn og eigi í mörgum tilvikum ekki við í breyttu samfélagi. Stimplagerðamennirnir hafa átt í töluverðum vandræðum með Kvinnalistan. Við erum úthrópaðar sem vinstri villutrúarmenn af svokölluðum hægri mönnum meðan vinstrisinnar hrópa aronistar, íhald og svikarar.

Við konur höfnum þessari íhaldssömu skilgreiningu. Þessi kerfi hafa fyrir löngu gengið sér til húðar. Við kvinnalistakonur erum hvorki frjálshyggjusinnar né sósíalistar í hefðbundnum skilningi. Við erum kvennapólitískar, þriðja viddin. Aðaláherslan er ekki efnahagsleg velferð heldur mannleg velferð.

Framtíðarsýn okkar er samfélag þar sem ríkir samstaða kvenna og karla án tillits til þjóðernis, trúarbragða eða annars þess sem venjulega skipar mönnum í andstæðar fylkingar. Samfélag

Þar sem einstaklingurinn fær notið sín á heimilinu og við störf sín hvar sem er í þjóðfélaginu.  
Samfélag þar sem hugmyndir fá að þroskast án fordóma og heiftar.  
Þetta eru bara orð, gæti einhver sagt. Þessi heimsýn er draumsýn. En við megum aldrei missa sjónar á draumnum. Verum raunsæ krefjumst hins ómögulega.  
Gleðilegt sumar.